



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. nóvember 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á höfundalögum (innleiðing tilskipunar, munaðarlaus verk), 334. mál

Með tölvupósti dags. 19. nóvember 2015 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar, munaðarlaus verk), sbr. þingskjal nr. 401. Frumvarpið var áður lagt fram á 144. löggjafarþingi, 700. mál.

Er með umræddu frumvarpi innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum. SÍK fagnar umræddu frumvarpi og telur mikilvægt að það nái fram að ganga til að leysa úr tiltekinni óvissu sem ríkir um notkun munaðarlausra verka.

SÍK leggur því til að frumvarpið verði samþykkt en áskilur sér þó rétt á síðari stigum til að koma með frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

f.h. SÍK

Hilmar Sigurðsson
formaður SÍK

f.h. SI

Katrín D. Þorsteinsdóttir
forstöðumaður hugverkaiðnaðar
og mannaúts SI